

um frumvarp til girðingalaga.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. neðri deild; tilgangur þess er sá að bæta úr þeim göllum girðingalaganna frá 1909, sem reynslan hefir leitt í ljós, en það er sannað af reynslunni, að nauðsyn sje á að fá ný og itarlegri lög um þetta efni. Girðingar færast nú mjög í vöxt og eru víðast hvar bráðnauðsynlegustu jarðabæturnar, en ófullnægjandi og óhentug lög hafa að ýmsu leyti valdið vandkvæðum á framkvæmd þeirra eða hindrað þær, og er því bráðnauðsynlegt að fá bætt úr þessu.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, erum á einu máli um það, að það sje til allverulegra bóta, en leyfum oss þó að ráða til nokkurra breytinga á því, sem hjer skal í stuttu máli gerð grein fyrir.

Orðalag 3. greinar um, að fje sje ætlað í fjárlögum til girðingarefniskaupa, er óviðfeldið, þar sem þó í greininni er eigi að eins átt við lán úr landssjóði heldur einnig úr ræktunarsjóði, sem er fjárlögunum óviðkomandi.

Ákvæði 4. greinar um viðbótarvexti af láni, sem verður afturkræft, af því girðingu er eigi lokið innan ákveðins tíma, eru óljós; þykir oss betur fara á því, að þetta ákvæði sje í samræmi við reglugerð ræktunarsjóðsins, og höfum því breytt orðalaginu á þá leið. En hentara er að tilgreina hlutfallslega hækkun vaxtanna, en að setja ákveðna tölu; þarf þá eigi að breyta þessu ákvæði þó vaxtakjörin breylist.

Samkv. 7. gr. á jarðeigandi, ef jörð fer í eyði, að losna við þá skyldu, að láta girðinguna standa á jörðinni. Virðist oss rjettara, að þetta sje því að eins heimilt, að ekki sje tilætlast, að jörðin byggist aftur, eða að ákveðið sje að leggja jörðina niður sem sjerstakt býli, en ekki, þó jörð fari í eyði af hendingu um stundarsakir.

Í 8. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að rjettur manns til að krefjast framlags til girðingar af þeim, er land á á móti honum sje bundinn við það, að tún eða engjar jarðanna liggi saman, og mun það sjerstaklega hafa vakað fyrir háttv. neðri deild, að þessi rjettur gæti eigi komið til greina, þar sem um viðlend beitiöld er að ræða á báðar hliðar, og um það erum vjer henni sam-mála, en þá er á það að lita, er svo stendur á, að þar sem girða skal er beiti-land á aðra hlið, en á hina tún eða engjar annarar jarðar. Þykir oss rjett að láta rjettinn til að krefjast framlags einnig koma til greina, þar sem svo stendur á.

Síðari málsgrein 8. gr. er auðsjáanlega sett í þeim tilgangi fyrst og fremst, að koma í veg fyrir það, að menn þurfi að elta hvern smákrók á landamerkjum, en geti girt beint, ef þeim er land á á móti getur verið bagalaust, og er þá sjálfsagt, að girðingin sje þannig sett, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. En eins og greinin er orðuð í frumvarpinu, virðist svo, að sá sem beita vill ójöfnuði og ná sneið af annars manns landi, geti gert þetta, ef honum sýnist, að eins ef hinum eru metnar skaðabætur; er því hætt við að þetta gæti leitt til ójafnaðar og ásælni. Þykir oss því nauðsyn á, að tilgangur þessarar greinar komi skýrara í ljós, svo ekki sje hætt við misbeitingu, og að

Þessu ákvæði verði misbeitt kemur varla til greina, ef í lögnum er gefin bein skipun um að haga girðingu svo, að sem jafnast sneiðist bæði löndin.

Efni 11. og 12. gr. höfum vjer fært saman í eina grein, og felt sumt í burtu. Í háttv. neðri deild var talsverðum ágreiningur um það, hvort rjett væri að halda ákvæðum vegalaganna um leyfi til að girða yfir vegi. Vjer litum svo á, að þessi ákvæði sjeu gagnslitil og að sumu leyti óheppileg, og að þetta sje þegar sannað af reynslunni; viljum vjer því fella þessi ákvæði burtu, nema þar sem um flutningabrautir er að ræða, en enga ástæðu sjáum vjer til þess, að lengra þurfi að fara en til sýslunefndar, til að fá þetta leyfi, óþarfa krókar að leita leyfisins til stjórnarráðsins, töf fyrir umsækjanda og ómak fyrir stjórnarráðið, sem þykir hafa ærið annriki áður. Það er að öllu leyti eðlilegast, að sýslunefndir veiti leyfið, þar sem viðhald flutningabrautanna og eftirlit með þeim, hvílir á sýslunum, og sýslunefnd hefir einnig meiri kunnugleika, til þess að geta dæmt um, hvort rjett er að veita leyfið eða ekki.

Í greininni eru, eins og vjer leggjum til að hún sje orðuð, taldir allir þeir vegir, sem komið geta til greina, en orðin, »stígur eða götutroðningur« leggjum vjer til, að falli burt; teljum það óhafandi, að skylda landeiganda til að hafa hlið á girðingu hvervetna, þar sem stigar eða troðningar finnast, því ef þessir stigar geta ekki talist til neinna þeirra vega, sem nefndir eru í greininni, eða vetrarleiða, hljóta þeir að vera með öllu óþarfir, enda þessi orð svo óákveðin, að samkvæmt þeim mætti skylda þann, sem girðir, til þess að setja hlið á girðinguna, alveg að ástæðulausu, sjer til stórbaga.

Þá höfum vjer sett nokkru fyllri ákvæði um hlið, þar sem girðing liggur yfir sledabrautir eða aðrar vetrarleiðir, en engin veruleg efnisbreyting er þar gerð, og því ekki ástæða til að geta þeirra nánar hjer.

Girðingar með 1 eða 2 gaddavirsstrengjum eru mjög algengar, eru þær gerðar til varnar fyrir stórgripum, og oft settur að eins til bráðabyrgða, og mjög óvandlega gerðar, enda engar reglur settar um þær. Þessar girðingar eru oft stórhættulegar fjenaði, og er því nauðsyn á að skipa svo fyrir um þær með lögum, að minni hætta stafi af þeim. Höfum vjer því bætt við nýrri grein í þessu skyni, og þarfnast hún ekki frekari skýringar.

Nokkrar fleiri breytingar ráðum vjer til að gera á frumvarpinu, en þær sem hjer hefir verið getið, en þær eru mest leiðrjettingar, og verður gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Samkvæmt framanrituðu verður það tillaga nefndarinnar, að háttvirt efri deild samþykki frumvarpið með breytingum þeim, sem prentaðar eru á þingskjali 476.

Alþingi 19. ágúst 1913.

J. Havsteen,
formaður.

Jón Jónatansson.
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson, Einar Jónsson, Guðjón Guðlaugsson.